



## Samantekt um umsagnir og breytingatillögur

### Efni

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða (erlendir aðilar, kílómetragjald o.fl.).  
Þingskjal 1362 — 917. mál á 154. löggjafarþingi 2023-2024.

### Fjöldi umsagna

7.

### Umsagnaraðilar

BBA/Fjeldco, Deloitte Legal ehf., Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), Samtök atvinnulífsins (SA) o.fl., Samtök iðnaðarins (SI), Skatturinn, Viðskiptaráð Íslands.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Hér á eftir er að finna afstöðu fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna innsendra umsagna við frumvarpið. Eftir atvikum eru jafnframt lagðar til breytingar á frumvarpinu eða eftir atvikum einstaka greinum þess. Sérstaklega er greint frá þeim breytingartillögum eftir því sem við á hverju sinni.

#### 1. Virðisaukaskattur

Í umsögnum BBA/Fjeldco, Deloitte Legal ehf., SI og Viðskiptaráðs Íslands er fyrirhuguðum breytingum á 12. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, fagnað. Að þeirra sögn leiða breytingarnar til þess að skattframkvæmdin verði skýrari, gagnsærri og fyrirsjáanlegri.

Í umsögnum Deloitte Legal ehf. og Viðskiptaráðs er jafnframt hvatt til þess að lögin verði tekin til heildarendurskoðunar þannig að þau endurspegli betur núverandi aðstæður í atvinnulífinu, þ.m.t. nýjar starfsgreinar og aukin milliríkjavíðskipti. Í umsögnum BBA/Fjeldco og Deloitte Legal ehf. er sérstaklega minnst á að gera þurfi erlendum aðilum sem reka hér á landi skattskyld viðskipti kleift að skrá sig á grunnskrá virðisaukaskatts í stað þess að umboðsmenn þeirra hér á landi séu skráðir á grunnskrána eins og nú er. Í umsögn BBA/Fjeldco er einnig hvatt til breytinga á því fyrirkomulagi sem gildir um kaup NATO á vörum og þjónustu hér á landi. Í stað þess að NATO fái endurgreiddan virðisaukaskatt af aðkeyptri vöru og þjónustu, líkt og nú gildir, verði sala á vörum og þjónustu til NATO talin til undanþeginnar skattskyldrar veltu og þar með enginn virðisaukaskattur innheimtur. Í umsögn Deloitte Legal ehf. er einnig minnst á að tilefni sé til að endurskoða fyrirkomulag við skil á virðisaukaskatti vegna kaupa á þjónustu erlendis frá. Enn fremur er vakin athygli á óvissu sem ríkir um skyldu viðskiptavina gagnavera til að skrá sig á virðisaukaskattsskrá og að í lögum um virðisaukaskatt sé ekki að finna nein ákvæði um starfsemi markaðstorga (e. platform eða marketplace).

Þessu er til að svara að lög um virðisaukaskatt komu fyrst til framkvæmda í ársbyrjun 1990 og var virðisaukaskattskerfið síðast tekið til endurskoðunar á árinu 1999. Frá þeim tíma hafa átt sér stað miklar breytingar í viðskipta- og tækniumhverfinu m.a. vegna stafrænnar umbreytingar og alþjóðavæðingar. Ráðuneytið er meðvitað um mikilvægi þess að lög og reglugerðir um virðisaukaskatt taki mið af slíkum breytingum. Nú þegar hafa verið stigin fyrstu skrefin í endurskoðun á löggjöfinni með þeim breytingatillögum sem frumvarp þetta felur í sér. Þá verður markvisst unnið að því á næstu misserum að gera þær breytingar á löggjöfinni sem nauðsynlegar eru m.a. í þeim tilgangi að stuðla að jafnræði milli skyldra atvinnugreina og tryggja samkeppnishæfni þeirrar starfsemi sem fellur undir löggjöfina.

## 2. Kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða

### 2.1. Félag íslenskra bifreiðaeiganda (FÍB), Samtök Atvinnulífsins (SA) o.fl., og Viðskiptaráð Íslands

Í sameiginlegri umsögn Samtaka Atvinnulífsins (SA), Bílgreinasambandsins (BGS), Samtaka ferðapjónustunnar (SAF), og Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) er alfarið lagst gegn gildistöku a-liðar 11. gr. frumvarpsins en þar er kveðið á um brottfall 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða sem fjallar um lögveð til tryggingar greiðslu á kílómetragjaldi. Í umsögn Viðskiptaráðs Íslands er tekið undir umsögn SA o.fl. hvað þetta varðar. Í umsögn FÍB er jafnframt alvarlega varað við boðuðum breytingum skv. a-lið 11. gr. frumvarpsins.

Í aðdraganda að setningu laga nr. 102/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða lýstu hagsmunaaðilar yfir áhyggjum af ákvæði 21. frumvarpsins vegna þeirra álitamála sem skapast geta vegna lögveða í ökutækjum. Fram kom að lögveð séu hvergi skráð opinberri skráningu og öfugt við samningsveð sé lögveðum ekki þinglýst og opinber skráning þeirra sé því ekki forsenda þess að lögveð veiti réttarvernd gagnvart þriðja manni. Í ljósi þess að erfiðleikum gæti verið bundið fyrir nýjan eiganda að vita hvort þau gjöld sem njóta lögveðs væru í vanskilum lagði ráðuneytið til við efnahags- og viðskiptanefnd í þinglegri meðferð málsins að lögveðið félli niður við eigendaskipti að bifreið hefði hinn nýi eigandi hvorki vitað né mátt vita um lögðveðið.

Í kjölfar gildistöku laga nr. 102/2023 átti ráðuneytið í samskiptum við innheimtu- og skráasvið Skattsins m.a. vegna lögveðsheimildar 21. gr. laganna. Í þeim samskiptum kom m.a. fram það sjónarmið að málsliðurinn færi gegn meginreglum veðréttar og sjónarmiðum sem gilda um lögveð. Lögveð væru veðréttindi sem hvíli á eign óháð breytingu á eignarhaldi. Þá veitti lögveðið ríkissjóði forgangsrétt umfram önnur veðbönd sem á bifreið hvíla og tryggði að hægt væri að fullnusta kílómetragjald og vanskráningargjald án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms. Fram kom að ríkissjóður hefði þannig af því augljósa hagsmuni að geta gengið að veðandlaginu og fengið kröfu sína greidda á undan öðrum veðhöfum. Í samskiptum við Skattinn kom m.a. jafnframt fram það sjónarmið að eins og lagaákvæðið væri orðað væri sönnun um grandsemi kaupanda bifreiðar miklum erfiðleikum háð. Í ljósi þessa lagði Skatturinn til við ráðuneytið að 3. málsl. 1. mgr. 21. gr. laganna yrði felldur brott.

Þrátt fyrir að ráðuneytið tiki undir sjónarmið Skattsins þess efnis að lögveðsrétturinn sé almennt hagkvæmara og skilvirkara innheimtuúrræði heldur en fjárnámsferlið sýnir ráðuneytið jafnframt þeim sjónarmiðum hagsmunaaðila skilning að tilvist lögveðs geti í tilteknum tilvikum haft ósanngjörn áhrif gagnvart grandlausum kaupanda bifreiðar. Nánar tiltekið er um slíkt að ræða þegar lögveðsrétturinn er látinn ná til kílómetragjalds sem ekki er búið að leggja á við eigendaskipti. Að mati ráðuneytisins skiptir máli í þessu sambandi að gengið er út frá því við eigendaskipti á bifreið að allt gjaldfallið kílómetragjald hafi verið gert upp, sbr. 4. mgr. 13. gr. laganna. Gera má ráð fyrir að það kílómetragjald sem út af stendur við eigendaskipti og er þá ógjaldfallið sé að jafnaði lágt þar sem allt gjaldfallið kílómetragjald, þ.m.t. fyrirframgreiðsla þess, og eftir atvikum vanskráningargjald, á tímavarki eigendaskipta skal hafa verið gert upp svo að skráning á eigendaskiptum eða breyting á umráðamanni geti átt sér stað.

Að framangreindu virtu og eftir skoðun á innsendum umsögnum og samanburð á þeim sjónarmiðum sem færð hafa verið fram í málinu varðandi a-lið 11. gr. frumvarpsins leggur ráðuneytið til að a-liður 11. gr. frumvarpsins verði felldur brott.

Breytingatillaga ráðuneytisins:

„Lagt er til að a-liður 11. gr. frumvarpsins falli brott“.

### 2.2. Skatturinn/Ríkisskattstjóri

Í umsögn ríkisskattstjóra er lagt til að í staðinn fyrir orðið „fyrirframgreiðsla“ í lögnum komi „bráðabirgðagreiðsla“. Fram kemur að borið hafi á því að hugtakið „fyrirframgreiðsla“ vefjist fyrir skattaðilum þar sem gjalddagi fyrirframgreiðslu vegna einstakra gjaldtímabila er eftir lok þess gjaldtímabils. Í því skyni að fyrirbyggja misskilning að þessu leyti leggur ríkisskattstjóri til að í staðinn fyrir orðið „fyrirframgreiðsla“ komi „bráðabirgðagreiðsla“, hvarvetna þar sem hugtakið kemur fram í lögnum, og í fyrirliggjandi frumvarpi þar sem fjallað er um „fyrirframgreiðslu“ kílómetragjalds. Þá telur ríkisskattstjóri að jafnframt fari betur á því að setja inn hugtakið „bráðabirgðagreiðslu“ í stað orðanna „fyrir fram“ í 5. mgr. 9. gr. laganna og 1. málsl. 4. mgr. bráðabirgðaákvæði II í lögnum.

Ráðuneytið hefur farið yfir umsögn ríkisskattstjóra og þær breytingartillögur sem þar eru lagðar til og er sammála þeim breytingartillögum sem þar koma fram.

### **2.3. Breytingartillaga á lögum nr. 101/2023, um kílómetragjald vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða – Bifreiðar sem skráðar eru erlendis**

Í 7. gr. laganna er fjallað um bifreiðar skráðar erlendis sem eru í tímabundinni notkun hér á landi. Samkvæmt greininni er meginreglan sú að innflytjandi bifreiðar sem skráð er erlendis skuli greiða tiltekið daggjald vegna tímabundinnar notkunar hér á landi. Gjaldið skal vera 600 kr. á dag vegna bifreiðar sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni og 200 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar. Farmflytjandi annast innheimtu og skil á daggjaldinu sem rennur í ríkissjóð. Þrátt fyrir þá meginreglu ákvæðisins að innflytjandi greiði sérstakt daggjald getur innflytjandi óskað eftir að greiða kílómetragjald út frá skráningu á stöðu akstursmælis bifreiðar samkvæmt álestri og fjárhæðum sem gilda um greiðslu kílómetragjalds innanlands.

Samkvæmt Skattinum hefur komið í ljós að mikil vinna og fyrirhöfn felist í því, bæði fyrir Skattinn og farmflytjendur, að halda utan um skráningu, leiðréttingar og eftirlit á þeim bifreiðum sem koma hingað til lands og eru tímabundið í notkun hér á landi, þá sérstaklega bifreiðum þeirra aðila sem velja að greiða kílómetragjald samkvæmt skráningu á akstursmæli frá fyrsta degi. Sem dæmi má nefna að þörf er á auknum mannskap hjá tollyfirvöldum og aðstoð til að sinna og hafa eftirlit með aðilum, t.a.m. þeim ferðamönnum sem eru ekki með íslenska kennitölu. Það sama á við um daggjaldið þegar t.a.m. ferðamaður er ekki með bókaða brottför og óljóst er með dagsetningu hennar eða ef dvöl er framlengd. Það er álit Skattsins að ef fast gjald í formi akstursgjalds yrði tekið upp myndi þeim fækka verulega sem velja kílómetragjald út frá álestri, sem gera má ráð fyrir að verði erfiðast í framkvæmd. Upptaka fasts gjalds myndi jafnframt einfalda framkvæmdina fyrir farmflytjanda þar sem hann þarf þá að innheimta fasta upphæð hjá öllum sem koma til landsins óháð lengd dvalar. Auk þess leiðir upptaka fasts gjalds til þess að þeim tilfellum sem gjaldandi þarf að skrá og greiða eftir á myndi fækka verulega.

Með vísan til þessa leggur ráðuneytið til í samráði við Skattinn að í stað þeirrar meginreglu sem fram kemur í 7. gr. laganna að innflytjandi bifreiðar skuli greiða sérstakt daggjald af bifreiðum sem koma hingað til lands og ætlaðar eru til tímabundinnar notkunar hér á landi skuli innheimta fast akstursgjald að fjárhæð 10.000 kr. af bifreiðum sem alfarið eru knúnar rafmagni eða vetni og 5.000 kr. af tengiltvinnbifreiðum, þar sem eigendur og umráðamenn þeirra bíla greiða einnig bensín- og olíugjöld.

Með vísan til [greiningar Vegagerðarinnar](#) á akstri erlendra ferðamanna á bílaleigubílum á árunum 2010-2019, þar sem fram kemur að meðalakstur erlendra gesta sem nýttu sér bílaleigubíl á árinu 2019 hafi verið um 1.550 km á leigutíma bifreiðar, má gera ráð fyrir að 10.000 kr. sé hæfilegt fast gjald vegna aksturs rafmagns- og vetnisbíla. Að sama skapi má gera ráð fyrir að 5.000 kr. sé hæfilegt fast gjald vegna aksturs tengiltvinnbifreiðar. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að þeir aðilar sem dvelja með bifreiðar sínar hér á landi í 30 daga eða skemur munu eingöngu greiða fast gjald vegna tímabundinnar notkunar hér á landi. Ef dvöl bifreiðar hér á landi varir lengur en í 30 daga skulu aðilar greiða kílómetragjald samkvæmt álestri á kílómetrastöðu á komu- og brottfarardeg. Í þeim tilvikum þegar akstursgjald hefur verið greitt hjá þeim aðilum skal það dregið frá endanlegu álögðu kílómetragjaldi samkvæmt álestri. Lagt er til að kílómetrastaða bifreiðar verði ávallt skráð með rafrænum hætti hjá farmflytjanda áður en bifreið kemur hingað til lands, t.a.m. ef breytingar verða á dvalartíma bifreiðar hér á landi. Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um að farmflytjandi beri eingöngu ábyrgð á skilum á aksturgjaldi, þ.e. því fasta gjaldi sem verður innheimt, en innflytjandi beri ábyrgð á skilum á kílómetragjaldi samkvæmt álestri. Með breytingunni má gera ráð fyrir því að greiðsla, innheimta og eftirlit með kílómetragjaldi vegna bifreiða sem skráðar eru erlendis og eru fluttar tímabundið hingað til lands verði einfaldari, skilvirkari og gagnsærri og verði þannig til hagsbóta bæði fyrir innflytjendur, farmflytjendur og Skattinn.

#### **Breytingartillaga ráðuneytisins:**

##### **7. gr. laga nr. 101/2023 orðast svo:**

Innflytjandi bifreiðar, sbr. 4. mgr. 3. gr. sem flytur inn gjaldskylda bifreið skv. 3. tölul. 2. gr. hingað til lands samkvæmt heimild tollyfirvalda skal greiða

akstursgjald vegna tímabundinnar notkunar innanlands. Gjaldið skal nema 10.000 kr. vegna bifreiðar sem alfarið er knúin rafmagni eða vetni og 5.000 kr. vegna tengiltvinnbifreiðar.

Farmflytjanda ber skylda til að innheimta akstursgjald skv. 1. mgr. og standa skil á því í ríkissjóð. Gjaldalagi akstursgjalds er 30 dögum eftir komu bifreiðar til landsins og eindagi 14 dögum síðar. Ef farmflytjandi hefur ekki greitt á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

Ef dvöl bifreiðar skv. 1. mgr. varir lengur en 30 daga hér á landi í hvert sinn skal innflytjandi greiða kílómetragjald út frá skráningu á stöðu akstursmælis bifreiðar við komu til landsins og við brottför frá landinu. Innflytjandi skal gera upp álagt kílómetragjald við brottför bifreiðar frá landinu. Akstursgjald skv. 1. mgr. sem skilað hefur verið í ríkissjóð vegna bifreiðar skal koma til frádráttar á lögðu kílómetragjaldi.

Ríkisskattstjóra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd og tilhögun innheimtu og skráningu þeirra bifreiða sem falla undir þessa grein.

### **3. Breytingartillaga - Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991**

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu barst beiðni frá utanríkisráðuneytinu um að lagðar yrðu til breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs í frumvarpi þessu vegna gjalds fyrir umsókn um vegabréfsáritun erlendis. Nauðsynlegt sé að gerðar verði breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs vegna hækkunar fjárhæðarviðmiða.

**Breytingartillagan er eftirfarandi:**

Við frumvarpið bætist nýr kafli, svohljóðandi:

III. KAFLI

**Breyting á lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.**

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. tölul. 3. mgr. 14. gr. laganna:

- a. Í stað „40“ í a-lið kemur: 45.
- b. Í stað „80“ í b-lið kemur: 90.

#### **Skýringar:**

Gjald fyrir umsókn um vegabréfsáritun erlendis er innheimt í evrum í samræmi við skuldbindingar Íslands skv. 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 810/2009, um samræmda útgáfu áritana, sem hefur verið innleidd með lögum um útlendinga, nr. 80/2016, og reglugerð um vegabréfsáritanir, nr. 795/2022. Ísland er þannig skuldbundið að lögum að fylgja fjárhæðarviðmiðum Evrópusambandsins um vegabréfsáritanir erlendis. Fjárhæðarviðmið Evrópusambandsins vegna vegabréfsáritunar 6–12 ára og 13 ára og eldri munu frá og með 11. júní nk. hækka annars vegar úr 40 evrum í 45 evrur og hins vegar úr 80 evrum í 90 evrur og tekur breytingartillagan mið af því.

#### **Gildistaka:**

Gert er ráð fyrir að ákvæðið öðlist gildi og komi til framkvæmda þann 11. júní 2024. Verði breytingartillagan hins vegar ekki að lögum fyrr en eftir 11. júní nk. er nauðsynlegt að ákvæðið öðlist gildi og komi til framkvæmda nú þegar þar sem ekki getur verið um afturvirkni að ræða.